

From: Sigurbjörg Erla Egilsdóttir - bæjarfulltrúi

Sent: miðvikudagur, 9. apríl 2025 11:34

To: Elísabet Sveinsdóttir - forseti Bæjarstjórnar

<Elisabet.Berglind.Sveinsdottir@kopavogur.is>; Pálmi Þór Másson - bæjarritari

<palmi.thor.masson@kopavogur.is>; Björg Baldursdóttir - bæjarfulltrúi

<Bjorg.Baldursdottir@kopavogur.is>

Subject: Erindi til forsætisnefndar Kópavogsbæjar vegna álitamáls um framkvæmd samþykktar bæjarráðs

Erindi til forsætisnefndar Kópavogsbæjar vegna álitamáls um framkvæmd samþykktar bæjarráðs

Samkvæmt erindisbréfi forsætisnefndar er henni falið að fjalla um álitamál sem kunna að koma upp í málsmeðferðum innan nefndarkerfis og bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Ég óska eftir því að forsætisnefnd taki til umræðu inngrip bæjarstjóra í málsmeðferð er varðar afgreiðslu tillagna í bæjarráði.

Á fundi bæjarráðs þann 27. mars sl. var samhljóða samþykkt að vísa hagræðingartillögum bæjarstjóra, ásamt breytingatillögum fulltrúa minnihluta, til nánari útfærslu á skrifstofu áhættu- og fjárstýringar, í samræmi við samþykktu tillögu.

Á fundi bæjarráðs þann 3. apríl sl. var hins vegar aðeins lögð fram nánari útfærsla á tillögum bæjarstjóra. Breytingatillögur minnihlutans voru ekki teknar til frekari úrvinnslu af hálfu skrifstofunnar. Í staðinn lagði bæjarstjóri fram minnisblað þar sem hún lýsti neikvæðri afstöðu sinni til tillagna minnihlutans. Vert er að undirstrika að ekki hafði verið óskað eftir afstöðu bæjarstjóra til þessara tillagna, né hafði þeim verið vísað sérstaklega til hennar.

Samkvæmt 54. gr. sveitarstjórnarlaga ber bæjarstjóri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefna bæjarfélagsins. Í þessu tilviki hefði hlutverk bæjarstjóra átt að vera að fylgja eftir samþykkt bæjarráðs og tryggja að skrifstofa áhættu- og fjárstýringar ynni nánari útfærslu bæði á tillögum hennar sjálfrar og tillögum minnihlutans. Þess í stað virðist hún hafa beitt sér gegn því að skrifstofan sinnti síðarnefndu tillögunum. Ég tel tilefni til þess að forsætisnefnd taki málið til umfjöllunar með það að markmiði að skýra hlutverk og verkskiptingu kjörinna fulltrúa og embættismanna í slíkum tilvikum, og tryggja að samþykktir bæjarráðs séu virtar og jafnræðis gætt.

Bestu kveðjur,

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Bæjarfulltrúi

sigurbjorg.erla@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 4410000

